

Múlaping
Lyngási 12
700 Egilsstaðir
Mál nr.1030/2023
Sent á skipulagsgátt

Reykjavík, 08.02. 2026

Efni: Aðalskipulag Múlapingis 2025 – 2045

Landvernd hefur kynnt sér tillögu að aðalskipulagi Múlapingis 2025–2045 og setur hér fram ábendingar og athugasemdir tengdar náttúruvernd og loftslagsmálum sem eru samofnar mörgum málaflokkum. Ýmislegt er lofsvert í aðalskipulaginu en öðru þyrfti að breyta og bæta.

Almennt

Í aðalskipulagi eru sett fram stefna og ákvarðanir sveitarstjórnar um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar. Aðalskipulag er öflugt stjórnæki fyrir markvissa þróun til lengri tíma. Aðalskipulag Múlapingis ber þó með sér vilja til að halda sem flestum möguleikum opnum í staðinn fyrir að vera leiðandi í ákvörðunum um stefnu í loftslagsmálum. Það þyrfti meiri framsýni, metnað og stærri skref í átt að sjálfbærri þróun. Múlaping virðist ekki hafa unnið loftslagsstefnu sem hefði verið mikilvæg sem grundvöllur að aðalskipulagi og sveitarfélögum ber að setja sér loftslagsstefnu samkvæmt 5. gr. laga nr. 70/2012.

Múlaping er víðfeðmt sveitarfélag með fjölbreyttri náttúru og víðernum, en mikið hefur verið gengið á víðerni austurhálandis, t.a.m. með vatnsaflsvirkjunum og uppistöðulónum, og Landvernd hefur áhyggjur af enn meiri ágengni. Landvernd leggur til að Múlaping vinni betur með sérstöðu svæðisins, aðgengi að fjölbreyttri og villtri náttúru og óbyggðum víðernum m.a. á úthéraði og þeim hluta hálandis sem eftir stendur óraskaður. Verðmætin sem felast í náttúru Múlapingis tengjast lífsgæðum, lýðheilsu, menningu, ímynd og vellíðan íbúa. Í aðalskipulagi þarf metnað til að varðveita, vernda og endurheimta náttúru og víðerni fyrir framtíðina.

Innan Múlapingis eru margir mikilvægir sprotar í átt að sjálfbærri þróun eins og Cittaslow-verkefnið á Djúpavogi og nám í skapandi sjálfbærni í Hallormsstaðaskóla sem er nú komið á háskólastig og getur haft jákvæð áhrif á nærsamfélagið, Vatnajökulsþjóðgarður, öflug þróun á smásprotafyrirtækjum og heimavinnsla afurða auk áherslna á „hægari ferðamennsku“, svo dæmi séu nefnd. Óskandi væri að Múlaping sæi tækifæri til að stuðla að þessari þróun á markvissari hátt í aðalskipulaginu. Flétta þarf saman þróun á ferðamálum og náttúruvernd og skoða þolmörk náttúru. Tilvalið væri einnig að Múlaping myndi vinna að því að allt sveitarfélagið tæki þátt í Cittaslow til að stuðla að sjálfbærri þróun og skapa sveitarfélaginu sérstöðu í takt við tímann.

Athugasemdir við einstök atriði

Leiðarljós Múlapingis í aðalskipulagi um samheldið samfélag og blómstrandi byggð, með fjölbreyttu atvinnulífi, góðu grunnkerfi og umhverfi er að mörgu leyti gott.

Jákvætt er að Múlaping stefni að heilsueflandi samfélagi og vilji efla útivist og tryggja heilnæmt og vistvænt umhverfi. Til að stuðla að heilsu íbúa er líka mikilvægt að virða íbúalýðræði og að sveitarfélagið standi með íbúunum. Landvernd lýsir óánægju með skort á stuðningi sveitarfélagsins við afstöðu meirihluta íbúa Seyðisfjarðar gagnvart sjókvíaldri í firðinum. Múlaping hefur ekki staðið við bakið á íbúum þar. Vanvirðing gagnvart íbúalýðræði getur haft neikvæð áhrif á samfélag og heilsu og skapað neikvæða ímynd. Viðhorf meirihluta íbúa á Seyðisfirði er dæmi um hvernig á ekki að vinna með íbúalýðræðið. Þrátt fyrir að

skipulagsvald sveitarfélagsins nái ekki út fyrir 120 m frá stórstreymsfjöru liggur fyrir að afstaða sveitarfélags og skipulagsvald er óumdeilt þar innan við og því hefur sveitarfélagið ákveðna stöðu til að beita sér fyrir hönd íbúana. Ekkert fiskeldisfyrirtæki myndi setja niður opið sjókvíaeldi í fjörð gegn andstöðu meirihluta sveitarstjórnar.

Landvernd telur ótímabært fyrir sveitarfélagið Múlaþing að leggja fram stefnu um að hlíta niðurstöðu ef vindorkuver í sveitarfélaginu verði flokkuð í nýtingarflokk. Fyrir liggur í frumvarpsdrögum að sveitarfélög fái úrskurðarvald og neitunarvald gegn vindorkuverum sem hafa verið flokkuð í nýtingu. Það verður á hendi sveitarstjórnar að meta hvort hleypa eigi verkefnum vindorkuverum í rammaáætlun áfram. Þessu þarf að breyta í texta aðalskipulagsins vegna frumvarpsdraganna. Landvernd telur að greining á hentugleika svæða ætti ekki að vera viðmiðið heldur hvort skorti orku og þá í hvað. Ekki liggur fyrir hvernig skuli meta raskað land sem hefur verið álitid henta vindorku. Landvernd álitur að vindorkuver undir 10 MW verði að fjalla um sérstaklega og að sveitarfélög verði að skrifa stefnu um mannvirki sem mega vera allt að 100 m að hæð og hafa mikil ásýndaráhrif. Stefnu þarf einnig gegn því að fyrirtæki geti sett upp mörg verkefni undir 10 MW hlið við hlið á sama svæði undir ýmsum nöfnum. Vindorkuver eru ný áskorun gagnvart umhverfi, náttúru og samfélagi og mikilvægt að Múlaþing stígi varlega til jarðar.

Landvernd treystir Múlaþingi til að virða niðurstöður faghópa Rammaáætlunar um að Hamarsvirkjun haldist í verndarflokki og verji þar með náttúru og víðerni. Hamarsá og vatnasvið hennar hefur hátt verndargildi og það yrði ímyndarskaði fyrir sveitarfélagið sem segist vilja vinna með rammaáætlun að fara gegn afgerandi áliti verkefnisstjórnar um Hamarsvirkjun. Fráleitt er að Hamarsvirkjun sem var ein af 5 virkjanakostum flokkuð í vernd en hin verkefnin öll í nýtingu skuli nú fá kröfu um flutning í nýtingarflokk. Slíkt viðhorf gagnvart rammaáætlun er ótrúverðugt af hálfu sveitarfélagsins. Landvernd hvetur Múlaþing til að breyta neikvæðri afstöðu sinni til náttúruverndar við Hamarsá.

Fristundabyggð

Tilgreint er að til að vernda viðkvæm svæði og hámarka nýtingu innviða við staðsetningu fristundabyggðar skuli hún vera á vel afmörkuðum og samfelldum svæðum. Það er vel hugsað. En þegar áætlanir um fristundabyggðir eru skoðaðar nánar virðast staðsetningar dreifðar um mörg svæði. Það vinnur gegn stefnu í aðalskipulagi ef fristundabyggðir valda miklu raski á náttúru, vistkerfum og lífríki. Skoða þarf skorður á uppbyggingu fristundabyggða.

Á bls. 18 kemur fram að „Við deiliskipulag og uppbyggingu skal forðast að raska verndarsvæðum, vistgerðum og jarðmyndunum sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 ...“ Þetta er orðað of loðið og ætti frekar að orða á þennan hátt: *Við deiliskipulag og uppbyggingu má ekki raska verndarsvæðum, vistgerðum og jarðmyndunum sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 ...* Á bls. 19 er áréttað að „Í fristundabyggð þar sem náttúrulegur birkiskógur er til staðar skal huga að verndun skógarins og taka skal tillit til minja og helgunarsvæða þeirra.“ Landvernd er ánægð með þetta en telur að ekki ætti að staðsetja nýja fristundabyggð inn í birkiskóga.

Opin svæði

Landvernd fagnar stefnu Múlaþings um opin svæði og að leitast skuli við að takmarka útbreiðslu ágengra tegunda og viðhalda líffræðilegri fjölbreytni. Verkefnið „Viljandi villt“ hjá Múlaþingi er til fyrirmyndar og Landvernd hvetur sveitarfélagið áfram til dáða í þessu.

Fjölbreytt atvinnulíf

Landvernd er ánægð með leiðarljós Múlaþings um að stefnan styðji við fjölbreytta atvinnustarfsemi og nýsköpun með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Verði þessu fylgt eftir gæti Múlaþing tekið stór skref í átt að sjálfbærri þróun. Til þess að þarf stefnan að hafa raunverulegt gildi í þróun atvinnulífs, því er mikilvægt að unnin verði aðgerðaráætlun um sjálfbæra þróun.

Landnýting

Á bls. 59 kemur fram: *Landnýting skal vera í sátt við landgæði og ástand lands og ekki má misbjóða náttúrunni með ofbeit, mengun eða á annan hátt. Leitast skal við að raska ekki votlendi og endurheimta votlendi þar sem mögulegt er og ekki er lengur áformað að rækta á svæðinu. Endurheimt skal metin m.t.t. varðveislu góðs landbúnaðarlands til matvælaframleiðslu.* Hér mætti taka skýrar til orða, m.a. að ofbeit, mengun og annað alvarlegt rask á náttúrunni verði bannað. Múlaþing þarf að gera áætlun um svæði þar sem stefnt skal að endurheimt votlendis. Má nefna Loðmundarfjörðinn því þótt þar geti verið gott ræktunarland er fjörðurinn í eyði og engar horfur á búskap þar. Þá er fjöldi staða í sveitarfélaginu sem Landvernd leggur til að Múlaþing láti kortleggja með það fyrir augum að endurheimta votlendi sem er stærsta og skjótvirkasta aðgerð sem til er í loftslagsmálum. Þá bendir Landvernd á að vindorkumannvirki, þar sem þau hafa verið til skoðunar, eru oftar en ekki staðsett í votlendum á heiðarlöndum og mætti stefna sveitarfélagsins í vindorkumálum taka tillit til þess í samræmi við þessa klausu.

Skógrækt og landgræðsla

Landvernd fagnar því að aðalskipulag Múlaþings fari eftir áherslum Landsskipulagsstefnu 2024-2038 um að í aðalskipulagi skuli marka stefnu um skóga og skógrækt með það að markmiði að tryggja viðhald og útbreiðslu náttúruskóga, vernda líffræðilega fjölbreytni og auka bindingu kolefnis. Í landgræðslu saknar Landvernd metnaðarfullri stefnu en að áfram verði unnið að endurheimt gróðurs og landgæða, m.a. í tengslum við landbótastarf bænda og annarra áhugaaðila. Í landgræðslu þarf að horfa til endurheimtar á votlendi sem er skilvirkasta og besta landgræðslumál sem til er. Mikil og góð reynsla er af landgræðslu í Múlaþingi í samstarfi við landeigendur sem gefur forsendur fyrir sveitarfélagið til að stefna hærra. Þegar horft er yfir fjölda skógræktarsvæða á bújörðum og öðrum vill Landvernd að horft verði á samlegðaráhrif þeirra á líffræðilega fjölbreytni, náttúruvernd, landslag og séreinkenni íslenskrar náttúru.

Smávirkjanir

Víða í aðalskipulaginu kemur fram að sveitarfélagið styðji við uppbyggingu orkumannvirkja í smáum stíl sem er nánar skilgreint á nokkrum stöðum eins og á bls. 64 en það er undarlegt að fjalla um virkjanir undir kaflanum um skógræktar- og landgræðslusvæði. Landvernd er ekki á móti litlum heimavirkjum en spyr hvaða áhrif á ásýnd vindmyllur allt að 100 m í hæð myndu hafa á mörgum stöðum.

Samgöngur

Landvernd fagnar stefnu um eflingu almenningsgangna og virkum/vistvænum ferðamáta. Hér mætti skoða betur hvernig sveitarfélagið ætlar að stuðla að óþarfa bílanotkun. Á fyrri stigum við vinnslu á aðalskipulagi var minnst á 15 eða 20 mínútna bæinn sem mætti haldast inni. Þó að þéttbýli innan Múlaþings sé að mestu leyti nú þegar 15 eða 20 mínútna staðir vegna smæðar getur þessi alþjóðlega stefna virkað hvetjandi á íbúa auk þess sem stefnan er mikilvæg þegar þéttbýlin stækka.

Umhverfi og verndarsvæði

Stefna Múlaþings um umhverfið hljómar vel en ef horft er til stórra áætlana og verkefna sbr. virkjanaáforma fer stefnan ekki vel saman við þær. Umhverfisstefnan má ekki verða merkingarlaus heldur hafa áhrif á þróun sveitarfélags á þeim grunni sem lagt er upp með. Varðandi friðlýst svæði og hverfisvernd þá hvetur Landvernd Múlaþing til þess að setja sér metnaðarfillri markmið og stefna að friðlýsingu og vernd fleiri svæða. Landvernd leggst gegn því að hverfisvernd hefur víða verið dregin saman á nærsvæði Djúpavogs og má þar nefna bæði í þéttbýlinu sem og með strandlengju á Búlandsnesi. Landvernd minnir á að víða er sótt að náttúrulegum strandlengjum í nágrenni þéttbýlis en þetta eru oft útivistarsvæði íbúa í sveitarfélögum sem ber að virða. Múlaþing getur verið stolt af fjölmörgum náttúruperlum og aukin vernd þeirra myndi styrkja ímynd sveitarfélagsins og auka aðdráttaraflið.

Þar sem Ísland er aðili að Samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni og markmið um að friða 30% lands og 30% hafsvæða er hvatning og skylda sveitarfélaga um að standa sig.

Fram kemur á bls. 87 að *mannvirkjagerð á óbyggðum svæðum og verndarsvæðum valdi sem minnstri röskun*. En á ekki bara að vera sem minnst mannvirkjagerð á verndarsvæðum? Einnig stendur á bls. 93 að *vatnsaflsvirkjanir sem eru minni að afli en 300 kW séu heimilar á grundvelli framkvæmdaleyfis og eftir atvikum deiliskipulags*. Stærri virkjanir skal afmarka sem iðnaðarsvæði í aðalskipulagi og á bls. 94 kemur fram að *allt að 25 m há fjarskiptamöstur séu heimil ásamt allt að 20 m2 aðstöðuhúsi, rafstöð, lögnum og vegum*. Leyfisveiting fer fram í hverju tilviki fyrir sig með hliðsjón af sýnileika, fjarlægð frá mannvirkjum og áhrifum á náttúru og landslag. Landvernd hvetur Múlaþing til að vernda óbyggðirnar því verðmæti þeirra eru víðernin sjálf.

Landvernd telur að varðandi náttúruvá þurfi að velta því upp að huga betur að hækkandi sjávarmáli í aðalskipulaginu.

Í niðurstöðum kemur fram á bls. 100 að *stefna um iðnaðarsvæði hafi jákvæð áhrif á samfélagið og geti haft jákvæð áhrif á loftslag með aukinni framleiðslu endurvinnanlegra orkugjafa*. Landvernd gerir athugasemdir við þessar fullyrðingar. Fyrst þá hefur iðnaðarsvæði yfirleitt neikvæð áhrif á nærsamfélagið þó að ítrustu varúðar sé gætt. Það getur verið mengun af ýmsu tagi, öryggismál, aðgengi og ásýnd. Og varðandi framleiðslu endurvinnanlegra orkugjafa þá stuðlar hún einungis að sjálfbærri þróun og árangursríkum loftslagsaðgerðum ef notuð er í hófi og ef við sóum ekki orku.

Vindorkuver getur stuðlað að meiri losun vegna framkvæmda en hægt er að endurvinna á líftíma vindorkuversins og skila þá ekki loftslagsávinningi. Á Íslandi er orkuneysla á mann sú næstmesta í heimi og nauðsynlegt að við setjum okkur mörk, því allar virkjanir eru neikvætt inngríp í náttúruna og allar virkjanir þarfnast hráefnis og jarðefna þar sem námugróftur og vinnsla hafa neikvæð áhrif á umhverfi og fólk í oft fátækum löndum (neikvæð smitáhrif).

Í umfjöllun um skógrækt á bls. 100 vantar að nefna stefnu um vernd á líffræðilegri fjölbreytni.



Að lokum

Margt gott er í aðalskipulagi Múlaþings eins og áherslur á sjálfbæra nýtingu lands, vernd og endurheimt votlendis, líffræðilegrar fjölbreytni og annarra landgæða og markmið um fjölbreyttan ferðamáta. Áform um enn meiri raforkuframleiðslu og fiskeldi og aðra orkusækna og náttúru-raskandi starfsemi samræmast ekki þessum áherslum. Virða þarf vilja íbúa til dæmis á Seyðisfirði sem leggjast gegn fiskeldi í firðinum og niðurstöður Rammaáætlunar, eins og um Hamarsfjörð.

Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar

Þorgerður María Þorbjarnardóttir formaður